

Mál nr. 358/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um skyldu félags til að standa að og standa straum af kostnaði við gagnaöflun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.11.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 23.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 2. febrúar 2016 varð árekstur með þremur bifreiðum, A, B og C, á Höfðabakka við gatnamót Fálkabakka í Reykjavík. Var þá A, sem var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V, ekið aftan á B sem við það kastaðist aftan á C sem M ók.

Í skýrslu sem gerð var um slysið á vettvangi kemur fram að M kvaðst finna til í mjóbaki og hálsi. Síðar sama kvöld leitaði M á Læknavaktina. Í fyrirliggjandi læknisvottorði vegna komu hans þangað segir að M hafi verið bílstjóri í kyrrstæðum bíl þegar ekið var harkalega aftan á bíl hans. Hafi M keyrst aftur í sætið og síðan kastast fram í bílbeltið. Var hann greindur með tognun í háls hrygg, tognun í brjósthrygg og tognun á öxl. Fékk hann beiðni um sjúkraþjálfun auk þess sem hann fékk ávísað verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum. M hefur einnig leitað til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Í vottorði læknisins, dags. 24. ágúst 2016, kemur fram að við fyrrgreinda aftanákeyrslu hafi M orðið fyrir tognunum í háls hrygg, brjósthrygg og lendhrygg. Hann hafi fundið fyrir bata í háls hrygg, en sé enn með verki í lendhrygg og hafi þurft að taka verkjalyf til að halda sér gangandi í vinnu og þurft að stunda sjúkraþjálfun og muni halda því áfram. Bati í lendhrygg hafi verið hægur en þó í rétta átt. Erfitt sé að meta alveg batahorfur á þessu stigi, en vonandi batni honum í bakinu smám saman með tímanum.

Ekki er ágreiningur með aðilum að líkamstjón M af völdum aftanákeyrslunnar skuli bætast úr ábyrgðartryggingu A hjá V og mun V m.a. hafa fallist á að greiða kostnað vegna fyrstu lækniskomu og annan kostnað vegna „tímabundinna afleiðinga“. V hefur aflað útreiknings á þeim þyngdarkröftum sem eiga að hafa verkað á bifreiðirnar þrjár við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum nam þyngdarkrafturinn á A 1,03 g, 1,11 g á B við það að A rakst aftan á hana og 0,44 g á sömu bifreið er hún skall aftan á C og loks 0,52 g á C þegar höggið frá B kom aftan á hana. Að fengnum þessum útreikningi tilkynnti V lögmanni M að ósannað sé með öllu að umræddur árekstur hafi getað valdið varanlegu heilsutjóni hjá M. Muni félagið „því ekki taka þátt í kostnaði við frekari gagnaöflun til að undirbúa mat.“ M hefur ekki fallist á þessar málalýktir og hefur skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, en af málskotinu verður ráðið að M krefjist þess að viðurkennt verði að V beri að greiða fyrir gagnaöflun í málinu, þ.m.t. fyrir matsgerð. Í þessu efni hefur af hálfu M verið bent á að V hafi fallist á rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eigi hann rétt til fullra bóta vegna slyssins samkvæmt skilmálum V um slysatryggingu ökumanns, bæði vegna tímabundinna og varanlegra afleiðinga þess.

Álit.

Eins og fyrr greinir var A vátryggð samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V og af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en líkamstjón M sé bæt úr þeirri vátryggingu þar sem ökumaður A telst einn hafa átt sök á árekstrinum. Þegar af þessari ástæðu koma vátryggingarskilmálar V um slysatryggingu ökumanns og eiganda ekki til skoðunar við úrlausn máls þessa.

Það er meginregla skaðabótaréttar að tjónþola ber að sýna fram á skaðabótaábyrgð þess sem hann krefur um skaðabætur vegna tiltekins skaðaverks auk þess sem honum ber að sýna fram á umfang þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Að slíkri sönnunarfærslu genginni ber þeim sem ábyrgðina ber að greiða þær bætur sem tjóninu nemur auk þess kostnaðar sem hlýst af öflun gagna til að staðreyna skaðabótaábyrgðina sem og umfang tjónsins, sbr. t.d. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þegar um líkamstjón er að tefla. Þótt ekki verði fallist á að fyrrgreindur útreikningur á þeim

þyngdarkröftum sem verkuðu á bifreiðirnar við áreksturinn sé einhlítt sönnunargagn um að M hafi ekki orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við áreksturinn eru á hinn bóginn engin gögn fyrirleggjandi sem sýna fram á að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni. Við svo búið verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að V sé skylt á þessu stigi málsins að greiða frekari kostnað í tengslum við gagnaöflun M en það hefur þegar innt af hendi.

Niðurstaða.

M á að svo stöddu ekki rétt á frekari greiðslum vegna gagnaöflunar hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.